

The logo for Vís, featuring the word "vís" in white lowercase letters on a red square background.A photograph of a brown cow in a green field, looking towards a red SUV with a roof rack parked on a road. In the background, there are mountains and a lake. Several colorful items (a blue hat, a green heart, a red jacket, a blue bag) are floating in the air between the cow and the car.

# Fjárfestakynning

Fyrstu 9 mánuðir 2014

# Helstu niðurstöður janúar - september 2014



## Félagið

- Rekstur félagsins hefur á árinu annars vegar mótast af auknum tjónþunga og hins vegar af lágrí ávöxtun á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði.
- Á fyrstu níu mánuðum ársins varð 906 m.kr. hagnaður af rekstrinum, samanborið við 2.043 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2013.

## Vátryggingarekstur

- Iðgjöld tímabilsins námu 11.853 m.kr. en voru 12.029 á sama tímabili 2013. Samdráttur í iðgjöldum tímabilsins kom fram á fyrsta fjórðungi ársins.
- Framlegð af vátryggingarekstri var 20 m.kr. en var 461 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013.
- Samsett hlutfall á tímabilinu var 100,8% samanborið við 97,1% árið 2013.

## Fjárfestingastarfsemi

- Fjármunatekjur námu 1.426 m.kr. samanborið við 2.457 m.kr. á sama tímabili ársins 2013.
- Ávöxtun eignasafns nam 5,45% á tímabilinu á ársgrunni.

## Efnahagur

- Fjárfestingaeignir félagsins námu 35.174 m.kr. samanborið við 36.581 m.kr. í árslok 2013.
- Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 7,6% á ársgrunni samanborið við 17,6% fyrir sama tímabil árið 2013.
- Félagið greiddi 1.831 m.kr. í arð til hluthafa á tímabilinu.
- Félagið keypi eigin hluti að nafnvirði 36,1 m.kr. fyrir um 307 m.kr. á tímabilinu.

Iðgjöld	11.853 m.kr.
Samsett hlutfall	100,8%
Fjármunatekjur	1.426 m.kr.
Hagnaður	906 m.kr.
Heildareignir	47.274 m.kr.
Fjárfestingaeignir	35.174 m.kr.
Eigið fé	15.392 m.kr.
Gjaldþolshlutfall	3,76
Eignir umfram vátryggingaskuld	11.483 m.kr.

# Helstu niðurstöður á 3. ársfjórðungi

## Félagið


- Hagnaður félagsins eftir skatta nam 455 m.kr samanborið við 949 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2013.

## Vátryggingarekstur

- Iðgjöld tímabilsins námu 4.072 m.kr. og hækka um 151 m.kr. frá 2. ársfjórðungi og eru 14 m.kr. hærri en á 3. fjórðungi ársins 2013.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 74 m.kr. samanborið jákvæða framlegð 240 m.kr á sama tímabili 2013.
- Kostnaðarhlutfall var 20,1% samanborið við 20,2% á sama tímabili 2013.
- Samsett hlutfall var 102,7% samanborið við 94,9% fyrir sama tímabil 2013.

## Fjárfestingastarfsemi



- Fjármunatekjur námu 763 m.kr. samanborið við 1.083 m.kr. á sama tímabili 2013.
- Ávöxtun eignasafns nam 9,1% á ársgrunni.




# Þróun rekstrar



	m.kr.	9M 2014	9M 2013	2013
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	11.853	12.029	16.090
	Eigin iðgjöld	11.390	11.541	15.447
	Fjármunatekjur	1.426	2.457	2.631
	<b>Heildartekjur</b>	<b>12.935</b>	<b>14.112</b>	<b>18.233</b>
	Tjón tímabilsins	-9.054	-8.735	-12.667
	Eigin tjón	-8.926	-8.653	-11.663
	Rekstrarkostnaður	-2.939	-2.910	-3.936
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-11.892</b>	<b>-11.643</b>	<b>-15.677</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>906</b>	<b>2.043</b>	<b>2.154</b>
	Hlutföll	Tjónahlutfall	76,4%	72,6%
Eigið tjónahlutfall		78,4%	75,0%	75,5%
Kostnaðarlutfall		21,6%	21,1%	21,4%
Endurtr.kostnaðarlutfall		2,8%	3,4%	-2,2%
<b>Samsett hlutfall</b>		<b>100,8%</b>	<b>97,1%</b>	<b>97,8%</b>
Eiginfjárlutfall		32,6%	34,7%	35,9%
Arðsemi eiginfjár		7,6%	17,6%	13,9%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>		<b>3,76</b>	<b>4,24</b>	<b>3,74</b>



# Afkomubrú 9M 2013 – 9M 2014




- 906 m.kr. hagnaður varð af rekstri samanborið við 2.043 m.kr. hagnað á sama tímabili árið áður.
- Eigin iðgjöld drógust saman frá sama tíma í fyrra, eigin iðgjöld á þriðja ársfjórðungi vaxa lítillega frá þriðja fjórðungi á síðasta ári. Samdráttur iðgjalda varð að meginstofni á fyrsta fjórðungi ársins en hafa síðan vaxið.
- Fjármunatekjur eru mun lægri fyrstu níu mánuðina í ár en á sama tíma í fyrra og skýrist það aðallega af ávöxtun á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Fjármunatekjurnar á 3F eru hærri en á fyrri fjórðungum ársins.
- Eigin tjónakostnaður hækkar um 273 m.kr.
- Rekstrarkostnaður hækkar um 29 mkr á milli ára sem jafngildir 1% hækkun. Vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 2,3%, og launavísitala um 5,5%.

# Efnahagur



	m.kr.	30.9.2014	31.12.2013
<b>Efnahagur</b>	<b>Eignir</b>		
	Fjárfestingar	33.597	33.919
	Laust fé	1.577	2.662
	Viðskiptakröfur	6.092	4.811
	Endurtryggingaeignir	1.491	1.426
	Aðrar kröfur	1.628	994
	Óefnislegar eignir	1.429	926
	Aðrar eignir	1.460	1.516
	<b>Eignir samtals</b>	<b>47.274</b>	<b>46.254</b>
	<b>Skuldir</b>		
	Eigið fé	15.392	16.624
	Vátryggingaskuld	29.070	27.083
Viðskiptaskuldir	479	412	
Aðrar skuldir	2.333	2.135	
<b>Skuldir samtals</b>	<b>47.274</b>	<b>46.254</b>	
<b>Hlutföll</b>	Eiginfjárhlutfall	32,6%	35,9%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,76	3,74



# Fjárfestingastarfsemi



## Afkoma af fjárfestingastarfsemi

- Ávöxtun eignasafnsins á fyrstu 9 mánuðum ársins var 5,45%% á ársgrunni samanborið við 9,03% árið á undan.
- Fjárfestingatekjur voru 1.426 m.kr. samanborið 2.457 m.kr. í fyrra.


## Eignasafn

- Ávöxtun eignasafns er góð miðað við að helstu innlendu skulda- og hlutabréfavisitölur lækkaðu á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- Á 3F 2014 hefur verið lögð áhersla á að draga úr vægi óverðtryggðra skuldabréfa og auka vægi verðtryggðra skuldabréfa og innlendra hlutabréfa.
- Á árinu hefur verið dregið úr vægi ríkistryggðra skuldabréfa og vægi annarra skuldabréfa, hlutabréfa og sérhæfðra fjárfestinga hefur verið aukið.
- Áhrif gengisbreytinga á árinu, einkum á þriðja ársfjórðungi, hafa skilað gengishagnaði vegna styrkingar USD og GBP.


## Eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar

- Vátryggingaskuld nam 29.070 m.kr. í lok september.
- Eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar voru á sama tíma 40.553 m.kr. eða 11.483 m.kr. umfram vátryggingaskuldina.

## Fjárfestingatekjur




## Eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar



# Fjárfestingaeignir




Fjárfestingaeignir  
(35.174)



- Ríkistryggð verðtryggð
- Ríkistryggð óverðtryggð
- Ríkistryggð til gjalddaga
- Skráð hlutabréf og hlutabr.sj.
- Önnur hlutabréf
- Skuldab., skbr.sj. og lausafjsj
- Handbært fé
- Fagfjárfestasjóðir

Meðal annarra hlutabréfa eru hlutir í samlagshlutafélögum.

Breytingar á eignasafni á 9M 2014







# 10 stærstu fjárfestingaeignir




## 10 stærstu eignir 31.12.13




## Breyting



## 10 stærstu eignir 30.9.14



# Fjárhagslegur styrkur



## Tjónaskuld

- Vátryggingaskuld VÍS nam 29.070 m.kr. 30. september:
  - Tjónaskuld 22.204 m.kr.
  - Iðgjaldaskuld 6.866 m.kr.
- Hlutfall eigin tjónaskuldar af 12 mánaða iðgjöldum hefur farið hækkandi frá 2010 eða úr 117% í 136,8% í lok þriðja ársfjórðungs 2014.

## Gjaldþol samstæðu

- Reiknað gjaldþol var 13.952 m.kr. í lok tímabilsins og hefur hækkað um 94 m.kr. frá áramótum.
- Ekki er tekið tillit til arðgreiðslu fyrir árið 2014.
- Í lok tímabilsins nam gjaldþol 3,76x lágmarksgjaldþol.
- Eiginfjárhlutfall samstæðu nam 32,6% í lok tímabilsins og lækkar frá 35,9% í árslok 2013 m.a. vegna arðgreiðslu að fjárhæð 1.831 m.kr. og stöðu viðskiptakrafna.

# Ný váttryggingalöggjöf - Solvency II



- Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri nýrri váttryggingalöggjöf sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016.
- Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi váttryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Gjaldþolskrafa skv. Solvency II er reiknuð sem áhættumiðað mat á heildaráhættu félagsins.
- Megin breyting á reiknuðu gjaldþoli eftir Solvency II felst í að staða váttryggingaskuldar umfram varfærnislegt mat telst til gjaldþols þó að frádregnum tekjuskatti. Þetta hefur í för með sér að gjaldþol félagsins reiknast hærra samkvæmt Solvency II.
- Félagið hefur reiknað gjaldþol og gjaldþolskröfu miðað við síðustu áramót. Þá reiknaðist gjaldþol skv. Solvency II 17,9 milljarðar króna og gjaldþolskrafa 9,2 milljarðar króna sem gefur gjaldþolshlutfall 1,9. Gjaldþol reiknast því um 4 milljörðum króna hærra samkvæmt Solvency II en í núverandi löggjöf að teknu tilliti til tekjuskatts.
- Þessi útreikningur miðast við þær forsendur og upplýsingar sem nú liggja fyrir um væntanlega löggjöf.
- Samhliða innleiðingu á Solvency II er unnið að því að setja félaginu ný markmið um gjaldþol og arðgreiðslustefnu. Félagið mun upplýsa um niðurstöður þessarar vinnu þegar henni er lokið og allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi nýja löggjöf liggja fyrir.

# Lykiltölur síðustu ársfjórðunga



m.kr.      1F 2013   2F 2013   3F 2013   4F 2013   1F 2014   2F 2014   3F 2014


**Rekstur**

Iðgjöld tímabilsins	4.024	3.946	4.058	4.061	3.861	3.921	4.072
Eigin iðgjöld	3.878	3.775	3.889	3.906	3.700	3.773	3.917
Fjármunatekjur	976	398	1.083	174	171	492	763
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.888</b>	<b>4.220</b>	<b>5.005</b>	<b>4.120</b>	<b>3.918</b>	<b>4.302</b>	<b>4.715</b>
Tjón tímabilsins	-3.038	-2.799	-2.898	-3.932	-2.974	-2.811	-3.269
Eigin tjón	-3.021	-2.764	-2.868	-3.010	-2.938	-2.784	-3.204
Rekstrarkostnaður	-999	-978	-933	-1.024	-1.001	-994	-945
<b>Heildargjöld</b>	<b>-4.059</b>	<b>-3.764</b>	<b>-3.820</b>	<b>-4.034</b>	<b>-3.946</b>	<b>-3.783</b>	<b>-4.163</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>711</b>	<b>383</b>	<b>949</b>	<b>111</b>	<b>-14</b>	<b>465</b>	<b>455</b>


**Hlutföll**

Tjónahlutfall	75,5%	70,9%	71,4%	96,8%	77,0%	71,7%	80,3%
Eigið tjónahlutfall	77,9%	73,2%	73,8%	77,1%	79,4%	73,8%	81,8%
Kostnaðarhlutfall	21,7%	21,7%	20,1%	22,0%	22,7%	22,1%	20,2%
Endurtr.k.hlutf.	3,2%	3,5%	3,4%	-18,9%	3,2%	3,1%	2,2%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>100,4%</b>	<b>96,1%</b>	<b>94,9%</b>	<b>100,0%</b>	<b>102,9%</b>	<b>96,9%</b>	<b>102,7%</b>
Eiginfjárlutfall	31,1%	32,6%	34,7%	35,9%	29,5%	31,9%	32,6%
Arðsemi eiginfjár	19,2%	10,0%	23,5%	0,7%	-0,4%	12,4%	11,9%

Samsett hlutfall



Hagnaður





Um VÍŠ

# Áherslur stjórnenda í rekstri



## Stefna VÍS

### Hlutverk VÍS

er að vera traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum

### Gildi VÍS

Umhyggja - Fagmennska - Árangur

### Starfsáætlun

Unnið er eftir ítarlegri starfsáætlun til næstu tveggja ára

### Framtíðarsýn

Fyrirmyndar VÍS – árslok 2017

## Áherslur stjórnenda

### Váttryggingastarfsemi

Sækja og rækta mikilvæg viðskiptasambönd

Áhættumat og verðlagning váttryggingaáhættu

Áhersla á öflugt forvarnarstarf

Auka ánægju viðskiptavina með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi

Jákvæð afkoma af váttryggingastarfsemi með samsett hlutfall lægra en 97,8% (2013)

### Fjárfestingastarfsemi

Traust langtímaávöxtun á fjárfestingasafni félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu

### Fjárhagslegur styrkur

Viðhalda sterkri tjónaskuld

Viðhalda fjárhagslegum styrkleika

# Um VÍS




- VÍS er skráð á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. frá 24. apríl 2013.
- VÍS starfar skv. starfsleyfi frá FME og er eftirlitsskyldur aðili.
- Félagið starfar á skaðatryggingamarkaði og á líftryggingamarkaði í gegnum dótturfélagið Lífis.
- Starfsemi og stjórnarhættir VÍS markast af lögum um hlutafélög og váttryggingastarfsemi, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út.
- VÍS fékk í febrúar 2014 vottun sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.
- VÍS er í 12. sæti á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki, og er á listanum fjórða árið í röð.

## Skipulag

- Nýtt skipurit tók gildi frá 1. febrúar 2014 sem skerpir áherslu félagsins á markaðinn og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
- Skýr verkaskipting og ábyrgð einstakra sviða er snúa að váttryggingastarfsemi.
- Forstöðumaður fjárfestinga mótar og framfylgir fjárfestingastefnu með fjárfestingaráði og stjórn félagsins

## Skipurit VÍS




# Nokkrir lykilþættir úr starfseminni



- VÍS var stofnað árið 1989 með sameiningu Samvinnuþrygginga og Brunabótafélags Íslands sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1917.
- Hefur skilað rekstrarhagnaði í yfir 20 ár samfleytt.
- Arðgreiðslufélag með heimild til kaupa á eigin bréfum.
- Stærsta tryggingafélag landsins með um þriðjungs markaðshlutdeild.
- Starfsmenn VÍS eru um 200.
- Öflugt þjónustunet - 39 þjónustuskrifstofur um land allt.
- Mikil áhættudreifing í viðskiptamannastofni og yfir 80 þúsund viðskiptavinir.
- Vel skilgreind mörk eigin áhættu í endurtryggingastefnu.
- Fjöldi tjóna eru tæplega 30 þúsund á ári.
- Fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfallið 3,76.

## Fjöldi hluthafa VÍS 30.9. var um 1.050



m.kr.	2010	2011	2012	2013
<b>Rekstur</b>				
Iðgjöld ársins	14.986	15.560	16.460	16.090
Eigin iðgjöld	14.206	15.050	15.871	15.447
Fjármunatekjur	1.594	2.009	3.936	2.631
<b>Heildartekjur</b>	<b>15.898</b>	<b>17.175</b>	<b>19.939</b>	<b>18.233</b>
Tjón ársins	-11.977	-12.772	-12.113	-12.667
Eigin tjón	-11.735	-12.750	-12.067	-11.663
Rekstrarkostnaður	-3.087	-3.608	-4.044	-3.936
<b>Heildargjöld</b>	<b>-15.586</b>	<b>-16.556</b>	<b>-16.256</b>	<b>-15.677</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>204</b>	<b>408</b>	<b>3.025</b>	<b>2.154</b>
<b>Hlutföll</b>				
Tjónahlutfall	80,5%	82,1%	73,6%	78,7%
Eigið tjónahlutfall	82,6%	84,7%	76,0%	75,5%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	20,8%	21,6%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall	2,7%	3,1%	3,3%	-2,2%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>102,8%</b>	<b>106,0%</b>	<b>98,5%</b>	<b>97,8%</b>
Eiginfjárlutfall	31,8%	30,3%	33,3%	35,9%
Arðsemi eiginfjár	1,8%	3,6%	23,2%	13,9%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>	<b>3,4</b>	<b>3,5</b>	<b>3,8</b>	<b>3,7</b>
<b>Efnahagur</b>				
<b>Eignir</b>	<b>35.100</b>	<b>38.190</b>	<b>43.452</b>	<b>46.254</b>
Fjárfestingar	25.471	25.810	30.388	33.919
Laust fé	2.846	4.615	4.318	2.662
<b>Eigið fé</b>	<b>11.146</b>	<b>11.584</b>	<b>14.470</b>	<b>16.624</b>
Vátryggingaskuld	22.615	24.792	26.204	27.083



# Fyrirvari



Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar á hverjum tíma, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign VÍS. Upplýsingar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu.

Kynning þessi er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga ekki á nokkurn hátt að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. VÍS ber ekki á nokkurn hátt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

VÍS áréttar að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.



ÞAR SEM **TRYGGINGAR**  
SNÚAST UM FÓLK